



Hagstofa Íslands

3. desember 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Efnahags- og skattanefnd Alþingis, 229. mál, frumvarp til laga um breyting á tollalögum (tollafgreiðslugengi)

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um breyting á tollalögum.

Meginatriði þessa frumvarps er tillaga um breytingu á ákvæðum tollalaga um að tollafgreiðslugengi. Tollverð vöru er nú reist á tollafgreiðslugengi eins og það er ákveðið á 28. degi undanfarandi mánaðar eða síðasta virka dag á undan, samkvæmt 19. grein tollalaga nr. 88/2005 og 71. grein reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru. Tollafgreiðslugengi miðast við opinbert viðmiðunargengi sem skráð er af Seðlabanka Íslands 28. hvers mánaðar. Innflutning á að reikna yfir í íslenskar krónur á sölugengi en útflutning á kaupgengi.

Hagstofan hefur lagt til að gerðar verði tvær breytingar á útreikningi á tollverði vöru:

- Við tollafgreiðslu sendinga í hverjum almanaksmánuði sé miðað við gengi þess dags þegar afgreiðsla fer fram. Þessi breyting kemur fram í frumvarpinu.
- Tollafgreiðslugengi sé miðgengi viðkomandi gjaldeyris. Þessi tillaga kemur hins vegar ekki fram í frumvarpinu.

Í leiðbeiningum Sameinuðu þjóðanna um skráningu utanríkisviðskipta svo og stöðlum Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins um gerð þjóðhagsreikninga og staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um greiðslujöfnuð segir að skrá skuli út- og innflutning á gengi þess dags þegar útflutningur og innflutningur á sér stað. Jafnframt er skýrt tekið fram í stöðlunum að utanríkisviðskiptin skuli skráð á miðgengi.

Miklar gengisbreytingar hafa verið frá einum mánuði til annars undanfarin ár og engar likur á öðru en svo geti orðið framvegis. Vegna þessa hefur iðulega komið fram mikill munur á gildandi tollgengi og gengi á afgreiðsludegi. Að mati Hagstofunnar er þessi munur það mikill að með öllu er óásættanlegt að nota nálgunaraðferðir eins og gildandi tollgengi, þótt það geti verið í lagi á tímum lítilla breytinga á gengi milli mánaða. Sem dæmi má nefna að munur á breytingum tollgengis og meðalgengis frá 1. ársfjórðungi 2006 til sama tímabils 2007 var tæplega 5%. Munur á tollgengi og daggengi innan einstakra mánaða getur einnig verið verulegur.

Fast tollgengi veldur því að miklar gengisbreytingar innan mánaða valda skekkju í fjárhæðum innflutnings og útflutnings. Í hagskýrslugerð hefur gengi í utanríkisviðskiptum áhrif á útreikning vöruskiptajafnaðar, viðskiptajafnaðar og greiðslujafnaðar og á niðurstöður þjóðhagsreikninga. Miklar gengisbreytingar og mikill munur á föstu tollgengi og markaðsgengi veldur sérstökum vanda við gerð ársfjórðungslegra þjóðhagsreikninga.

Í stöðlum Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Evrópu-sambandsins segir að við hagskýrslugerð um utanríkisverslun eigi að nota miðgengi en ekki kaupgengi fyrir útflutning og sölugengi fyrir innflutning eins og gert er hér á landi. Þetta er gert í mörgum ríkjum, þar á meðal í Danmörku, Noregi og Finnlandi. Tilgangurinn með því að nota miðgengi er að aðgreina þjónustutekjur og -gjöld frá vöruviðskiptum.

Mikilvægt er að íslenskar hagskýrslur endurspegli alþjóðlega staðla um utanríkisverslun en markmið með þeim er að fá samanbærilegar niðurstöður milli ríkja. Alþjóðastofnanir hafa fundið að því að eftir þessu sé ekki farið hér á landi. Má þar nefna niðurstöður úr ROSC heimsókn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í febrúar 2005, en þar voru gerðar athugasemdir við að þessum aðferðum væri ekki fylgt hér á landi.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið mælir Hagstofa Íslands eindregið með því að tillögur fyrirliggjandi frumvarps um breytingar á tollafgreiðslugengi verði leiddar í lög. Jafnframt fer Hagstofan þess á leit við efnahags- og skattanefnd að fjallað verði um hvort mögulegt sé taka upp í frumvarpið og þar með tollalög ákvæði um að miða skuli við miðgengi við tollafgreiðslu. Með því væri tollafgreiðsla vöru hér á landi færð í sama form og kveðið er á um í þeim alþjóðastöðlum sem Íslendingar hafa skuldbundið sig til að fylgja.

F. h. r.

